

# HÚSÖNDIN

22.tbl. 4.árg.  
6. júlí 2021

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 7. -13. JÚLÍ

7.7. Margrét Hildur Egilsdóttir

8.7. Jóhanna Celina Jakobs

9.7. Helgi Arnar Alfreðsson, Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir

10.7. Friðrik Þór Kristjánsson, Alma Dröfn Benediktsdóttir,

Herdís Steingrímsdóttir

12.7. Jóna Ósk Antonsdóttir, Emelía Rós Rúnarsdóttir

## Fjárlagakvöld í Skjólbrekku

Sunnudaginn 11. júlí kl 19:30

Sunnudagskvöldið 11. júlí kl. 19.30 verður boðið til Fjárlagasöngs í Skjólbrekku. Öll gömlu, góðu ættjarðarlögin verða æfð og sungin undir styrkri stjórn Margrétar Bóasdóttur og Sólveigar Önnu Jónsdóttir. Laufey Sigurðardóttir spilar undir á fíðlu og svo fáum við nokkra gestastjórnendur. Hafid meðferðis Bláu og Gulu bókina en einnig verða þær til sölu á staðnum. Kaffi í boði í hléi.

*Aðgangseyrir er 1500 kr. Enginn posi er á staðnum.*

Bláu og gulu bækurnar verða svo að sjálfsögðu líka til sölu á staðnum. Sala á bókunum rennur beint í Minningarsjóð Jóns Stefánssonar.

Bláa Bókin: 2.000kr

Gula Bókin: 2.000kr

Tekjur af fjárlagakvöldinu renna beint í Minningarsjóð Jóns Stefánssonar sem styrkir ungt tónlistarfólk til framhaldsnáms. 5. júlí er afmælisdagur Jóns og söngur kvöldsins heiðrar minningu hans en árið 2021 hefði Jónsi orðið 75 ára.

Hægt er að nálgast meiri upplýsingar um minningarsjóð Jóns inni á [www.minningarsjodurjs.com](http://www.minningarsjodurjs.com)



## Frá Orlofsnefnd húsmæðra í Suður-Þingeyjarsýslu

Nú þegar það sést vonandi fyrir endann á kórónuveirufaraldrinum stendur til að gera aðra tilraun til að lyfta upp andanum með skemmtiferð til Vestmannaeyja. Dagana 29. til 31. ágúst næstkomandi verður boðið upp á ferð til Eyja í beinu flugi frá Húsavík, (Aðaldal). Gisting í tveggja manna herbergjum í tvær nætur á Hótel Vestmannaeyjum, morgunverður innifalinn.

Í Eyjum verður farið á söfn og í skoðunarferðir svo eitthvað sé nefnt. Flogið frá Húsavíkurflugvelli snemma sunnudags 29. og frá Eyjum seinnipart þriðjudagsins 31. Áætlað verð um 80.000 kr. Nánari upplýsingar síðar.

Ath. að allar konur sem reka heimili og hafa lögheimili innan sýslunnar hafa rétt til að nýta sér orlofsferðina en nefndin áskilur sér rétt til að forgangsráða eftir ákveðnum reglum ef nauðsyn krefur. Skráning fyrir 10. júlí nk. hjá undirrituðum.

Hjördís, sími 7737548, netfang: **angelkick89@gmail.com**

Stefanie, sími 8686854, netfang: **steffihofdi@gmail.com**

Ólöf, sími 8473968, netfang: **olof@vogafjos.is**

Aðalfundur Fjöreggs, félags um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit, verður haldinn í Fuglasafni Sigurgeirs 7. júlí n.k. kl. 20:00.

Gestur fundarins, Sveinn Margeirsson, ræðir um hringrásarhagkerfið en kl. 21:00 hefjast hefðbundin aðalfundarstörf. Kaffiveitingar.



Fjöregg